STJÓRNARTÍÐINDI B 56 – 2001

1. júní 2001 1097 Nr. 413

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 308, 5. apríl 2001, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2001.

1. gr.

3. mgr. 9. gr. orðist svo: Ef síld er landað flakaðri skal við útreikning til aflahámarks miða við 50% nýtingu. Um vigtun á síld gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. júní 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

31. maí 2001 Nr. 414

AUGLÝSING

um flokkun og greiningu í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga.

I. KAFLI

Flokkun og greining í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga

1. gr.

Málaflokkar.

Samkvæmt 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 skal skipta starfsemi sveitarfélaga þannig:

a) Sveitarsjóður, þ.e. aðalsjóður sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum,
b) stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Meginreglan er sú að í a-hluta flokkist þær rekstrareiningar sveitarfélaga sem fjármagnaðar eru að hluta eða öllu leyti með skatttekjum, en í b-hluta flokkist þær rekstrareiningar

Gutenberg

(þjónustueiningar) sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar og hafa lagaheimild til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum. Í undantekningartilvikum getur verið rétt að færa rekstrareiningar milli b- og a-hluta þegar um óverulega starfsemi og litla fjárbindingu í rekstrareiningunni er að ræða. Þrátt fyrir innheimtu þjónustugjalda á móti útgjöldum við rekstur leikskóla skal þó nær undantekningalaust færa rekstrareiningar leikskóla undir aðalsjóð sveitarfélags í a-hluta.

Eftirfarandi greining á verkefnum sveitarfélaga í málaflokka er sú flokkun, sem sveitarfélög skulu fylgja í reikningsskilum sínum. Sveitarfélög eru ekki bundin af þeim númeralykli sem hér er tilgreindur en félagsmálaráðuneytið og aðrir opinberir aðilar munu nota hann í úrvinnslu sinni á reikningsskilum sveitarfélaga:

A – Sveitarsjóður:

Aðalsjóður:

00 Skatttekjur
02 Félagsþjónusta
03 Heilbrigðismál
04 Fræðslu- og uppeldismál
05 Menningarmál
06 Æskulýðs- og íþróttamál
07 Brunamál og almannavarnir
08 Hreinlætismál
09 Skipulags- og byggingarmál
10 Umferðar- og samgöngumál
11 Umhverfismál
13 Atvinnumál
21 Sameiginlegur kostnaður
28 Fjármagnsliðir
29 Efnahagsreikningur aðalsjóðs

Aðrir sjóðir og stofnanir:

31 Eignasjóður – rekstur
32 Eignasjóður – efnahagur
33 Þjónustustöð (áhaldahús og vélamiðstöð) – rekstur
34 Þjónustustöð – efnahagur
35 Vélamiðstöð – rekstur
36 Vélamiðstöð – efnahagur
37 Trésmiðja – rekstur
38 Trésmiðja – efnahagur
39 Innkaupastofnun – rekstur
40 Innkaupastofnun – efnahagur
o.fl. þ.h.

B – Fyrirtæki sveitarfélaga:

Hafnarsjóður
Vatnsveita
Rafveita
Hitaveita
Fráveita
Sorphirða og sorpeyðing
Íbúðarhúsnæði – leiguhúsnæði
Félagslegt íbúðarhúsnæði
Annað íbúðarhúsnæði

Dvalar- og hjúkrunarheimili
Almenningssamgöngur
Bílastæðasjóður
Malbikunarstöð
o.fl. þ.h.

Til b-hluta fyrirtækja eða stofnana sveitarfélags teljast einnig byggðasamlög og aðrar þær stofnanir sem viðkomandi sveitarfélag á að hálfu eða meiri hluta eða er að hálfu eða meiri hluta á ábyrgð þess.

Um samstæðureikninga sveitarfélaga vísast til laga um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum, og reglugerðar, nr. 696/1996, um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

2. gr.
Rekstrareiningar.

Eftirfarandi greining á verkefnum sveitarfélaga í rekstrareiningar (deildir) er sú (lágmarks)flokkun sem sveitarfélög skulu hafa í bókhaldi og reikningsskilum sínum. Sveitarfélög eru ekki bundin af þeim númeralykli sem hér er tilgreindur en félagsmálaráðuneytið og aðrir opinberir aðilar munu nota hann í úrvinnslu sinni á reikningsskilum sveitarfélaga:

00 Skatttekjur
0 Skattar
01 Útsvör
06 Fasteignaskattur
1 Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga
3 Aðrar tekjur með skattaígildi
33 Framleiðslugjald
35 Lóðarleiga

02 Félagsþjónusta
0 Sameiginlegir liðir
1 Félagsleg aðstoð
11 Fjárhagsaðstoð
15 Félagsleg heimaþjónusta
16 Niðurgreiðsla dvalargjalda
17 Niðurgreiðsla húsaleigu
18 Húsaleigubætur
19 Önnur félagsleg hjálp
3 Þjónusta við börn og unglinga
4 Þjónusta við aldraða
5 Þjónusta við fatlaða
6 Ýmis félagsþjónusta
7 Ýmis lögbundin framlög
73 Bjargráðasjóður
74 Orlofssjóður húsmæðra
75 Varasjóður viðbótarlána
8 Ýmsir styrkir og framlög

03 Heilbrigðismál
2 Heilsuvernd

04 Fræðslu- og uppeldismál
0 Sameiginlegir liðir
01 Skólaskrifstofa
09 Aðrir sameiginlegir liðir
1 Leikskólar og dagvistun
10 Sameiginlegir liðir
11 Leikskólar
11.01 Leikskóli 1
11.02 Leikskóli 2
11.03 Leikskóli 3
11.04 Leikskóli 4 o.s.frv.
16 Framlög til rekstrar leikskóla annarra
17 Dagvistun í heimahúsum
18 Gæsluvellir
19 Annar leikskóla- og dagvistunarkostnaður
2 Grunnskólar
20 Sameiginlegir liðir
21 Grunnskólar
21.01 Grunnskóli 1
21.02 Grunnskóli 2
21.03 Grunnskóli 3
21.04 Grunnskóli 4 o.s.frv.
28 Vistun utan skólatíma
29 Annar grunnskólakostnaður
4 Framhaldsskólar
5 Önnur fræðslustarfsemi
51 Tónlistarskóli
51.01 Tónlistarskóli 1
51.02 Tónlistarskóli 2
51.03 Tónlistarskóli 3 o.s.frv.
52 Umferðarskólinn „Ungir vegfarendur“
59 Aðrir skólar og fræðslustarfsemi
8 Ýmsir styrkir og framlög
05 Menningarmál
0 Sameiginlegir liðir
2 Bókasöfn
3 Önnur söfn
4 Byggðasaga
5 Listir
6 Menningarhús - félagsheimili
7 Hátíðahöld
8 Ýmsir styrkir og framlög
06 Æskulýðs- og íþróttamál
0 Sameiginlegir liðir
1 Leikvellir
2 Æskulýðsmál
27 Vinnuskóli
29 Önnur æskulýðsmál

3 Félagsmiðstöðvar
5 Íþróttahús og sundlaugar
51 Íþróttahús
51.01 Íþróttahús 1
51.02 Íþróttahús 2
51.03 Íþróttahús 3 o.s.frv.
55 Sundlaugar
55.01 Sundlaug 1
55.02 Sundlaug 2
55.03 Sundlaug 3 o.s.frv.
59 Önnur íþróttamannvirki
6 Íþróttasvæði
8 Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála

07 Brunamál og almannavarnir
0 Sameiginlegir liðir
2 Brunavarnir
4 Almannavarnir og öryggismál
40 Sameiginlegir liðir
42 Náttúruhamfarir
43 Snjóflóðavarnir - skriðufallavarnir
44 Sjóflóðavarnir - sjóvarnagarðar
45 Jarðskjálftavarnir
8 Ýmsir styrkir og framlög

08 Hreinlætismál
0 Sameiginlegir liðir
1 Heilbrigðiseftirlit
2 Sorphreinsun og sorpeyðing
21 Sorphreinsun og gámastöðvar
23 Sorpeyðing - urðunarstaðir
5 Meindýraeyðing og dýraeftirlit
51 Meindýraeyðing
57 Eftirlit með hunda- og kattahaldi
8 Ýmsir styrkir og framlög

09 Skipulags- og byggingarmál
0 Sameiginlegir liðir
1 Mælingar, skráning og kortagerð
2 Skipulagsmál
20 Sameiginlegir liðir
22 Aðalskipulag
23 Deiliskipulag
24 Svæðisskipulag
29 Annar skipulagskostnaður
5 Byggingareftirlit
8 Ýmsir styrkir og framlög

10 Umferðar- og samgöngumál
0 Sameiginlegir liðir
2 Nýbygging gatna (gatnagerð)
3 Viðhald og rekstur gatnakerfis
4 Gangbrautir, hjólreiðastígar og reiðvegir

5 Umferðaröryggismál
6 Snjómokstur og hálkuvarnir
7 Samgöngumál
8 Ýmsir styrkir og framlög

11 Umhverfismál
0 Sameiginlegir liðir
2 Almenningsgarðar
3 Útivistarsvæði
4 Opin svæði
5 Umhverfi gatna og torg
6 Skreytingar
7 Minka- og refaeyðing
8 Ýmsir styrkir og framlög

13 Atvinnumál
0 Sameiginlegir liðir
2 Landbúnaður
4 Iðnaður
5 Fiskeldi og útgerð
6 Ferðamál
8 Ýmsir styrkir og framlög

21 Sameiginlegur kostnaður
0 Meðferð sveitarstjórnarmála
01 Sveitarstjórn
07 Endurskoðun
1 Kosningar
11 Sveitarstjórnarkosningar
15 Alþingis- og forsetakosningar
19 Aðrar atkvæðagreiðslur
2 Sameining sveitarfélaga
4 Skrifstofur sveitarfélagsins
5 Risna, móttökur og kynningarmál
6 Starfsmannakostnaður
7 Samstarf sveitarfélaga
8 Ýmsir styrkir og framlög

27 Óvenjulegir liðir

28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld
0 Fjármunatekjur
01 Vaxta- og verðbótatekjur af veltufjármunum
02 Tekjur af eignarhlutum
03 Vaxta- og verðbótatekjur af langtímakröfum
1 Fjármagnsgjöld
11 Vaxta- og verðbótagjöld af skammtímaskuldum
13 Vaxta- og verðbótagjöld af langtímaskuldum
9 Reiknuð áhrif verðlagsbreytinga
98 Reiknuð áhrif verðlagsbreytinga

29 Efnahagsreikningur

Sundurliðun efnahagsreiknings fer eftir ákvæðum laga um ársreikninga, nr. 144/1994, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996. Sveitarfélög skulu haga sundurliðun efnahagsreiknings með neðangreindum hætti og skal hún ná til aðalsjóðs sveitarfélaga og sjálfstæðra rekstrareininga í a-hluta:

Eignir
- *Fastafjármunir*
  - Varanlegir rekstrarfjármunir
    - Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi
    - Vélar og tæki
    - Veitukerfi
  - Áhættufjármunir og langtímakröfur
    - Eignarhlutar í byggðasamlögum
    - Eignarhlutar í tengdum félögum
    - Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum
    - Eignarhlutar í öðrum félögum
    - Verðbréf
    - Langtímakröfur á fyrirtæki sveitarfélagsins
    - Annað
- *Veltufjármunir*
  - Vörubirgðir
  - Skammtímakröfur
    - Óinnheimtar tekjur
    - Skammtímakröfur á fyrirtæki sveitarfélagsins
    - Aðrar skammtímakröfur
  - Verðbréf
  - Handbært fé

Skuldir og eigið fé
- *Eigið fé*
- *Skuldbindingar*
  - Lífeyrisskuldbindingar
  - Aðrar skuldbindingar
- *Skuldir*
  - Langtímaskuldir
    - Skuldabréfalán
    - Skuldir við lánastofnanir
    - Skuldir við tengd félög
    - Skuldir við hlutdeildarfélög
  - Skammtímaskuldir
    - Samþykktir víxlar og skuldabréfalán
    - Skuldir við lánastofnanir
    - Viðskiptaskuldir
    - Skuldir við tengd félög
    - Skuldir við hlutdeildarfélög
    - Næsta árs afborgun af langtímalánum
    - Aðrar skammtímaskuldir
    - Fyrirframinnborganir

31 Eignasjóður

Sú meginregla gildir að fasteignir sveitarfélags eru færðar í sjálfstæða rekstrareiningu innan a-hluta sveitarfélagsins og er þessum eignasjóði ætlað að sjá um rekstur, nýbyggingar, kaup eða sölu eigna í umboði sveitarstjórnar. Eignasjóður leigir síðan út fasteignir til rekstrareininga sveitarfélagsins samkvæmt þörfum viðkomandi rekstrareininga og innheimtir svokallaða innri leigu í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber með sér. Markmiðið með eignasjóðum er að gera rekstrarkostnað fasteigna sýnilegri og að sérhver rekstrareining beri þann raunkostnað sem henni ber.

Gerð er krafa um eftirfarandi sundurliðun í reikningsskilum eignasjóðs:
1 Skólahúsnæði
2 Íþróttamannvirki
3 Aðrar þjónustubyggingar
4 Jarðeignir
5 Aðrar fasteignir
7 Áhöld og tæki
8 Sameiginlegir liðir
9 Fjármagnsliðir

Sundurliðun efnahagsreiknings eignasjóðs (málaflokkur 32) er eins og sundurliðun efnahagsreiknings aðalsjóðs (málaflokkur 29).

33 Þjónustustöð (áhaldahús – vélamiðstöð)
35 Vélamiðstöð

Sú meginregla gildir að áhaldahús og vélamiðstöð skal reka sem sjálfstæðar rekstrareiningar undir a-hluta sveitarfélagsins. Innri þjónustureikningar eru síðan gerðir vegna þjónustu og vinnu sem innt er af hendi fyrir aðrar rekstrareiningar sveitarfélagsins. Heimilt er að færa áhaldahús og vélamiðstöð sem sjálfstæðar, aðskildar rekstrareiningar.

Gerð er krafa um eftirfarandi sundurliðun í reikningsskilum sveitarfélaga vegna áhaldahúss og vélamiðstöðvar.
2 Rekstur áhaldahúss/vélamiðstöðvar
3 Vélar
5 Bifreiðar
6 Annar rekstrarkostnaður
8 Sameiginlegir liðir
9 Fjármagnsliðir

Sundurliðun efnahagsreiknings þjónustustöðvar (málaflokkur 34) eða áhaldahúss og vélamiðstöðvar er eins og sundurliðun efnahagsreiknings aðalsjóðs (málaflokkur 29).

Aðrar rekstrareiningar sveitarsjóðs (a-hluti)

Flokkun og greining í reikningsskilum annarra rekstrareininga í a-hluta sveitarfélaga skal vera samkvæmt ákvæðum í lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

3. gr.

Tegundagreining í sveitarsjóði, a-hluta sveitarfélaga.

Sú lágmarkstegundagreining sem sveitarfélög skulu nota í bókhaldi og reikningsskilum sínum er skipt í eftirfarandi átta höfuðtegundir:

0. Tekjur
1. Laun og launatengd gjöld
2. Vörukaup
4. Þjónustukaup
5. Skattar og önnur opinber gjöld
7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld
8. Afskriftir
9. Annað

Hverri höfuðtegund skal síðan að lágmarki skipt niður í nokkrar undirtegundir, sbr. neðangreinda liði. Sveitarfélögum er síðan í sjálfsvald sett að flokka og greina enn frekar í undirtegundir í bókhaldi sínu, allt eftir þörfum hvers sveitarfélags. Til viðbótar þessari greiningu skulu sveitarfélög geta leitt fram með auðveldum hætti upplýsingar um viðskipti (innri tekjur og gjöld) milli einstakra rekstrareininga innan a-hluta, sveitarsjóðs. Sveitarfélög eru ekki

bundin af þeim númeralykli sem hér er tilgreindur en ráðuneytið og aðrir opinberir aðilar munu nota hann í úrvinnslu sinni á reikningsskilum sveitarfélaga:

Einstakar höfuðtegundir og undirtegundir

0 Tekjur

Á tegundagreininguna færast allar tekjur sveitarfélagsins og lágmarkskrafa um greiningu á undirtegundir er eftirfarandi:

- 00 Skatttekjur
- 01 Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
- 02 Þjónustutekjur
- 03 Arður af eignum
- 05 Tekjur með skattaígildi
- 07 Vörur og þjónusta til eigin nota (milliviðskipti rekstrareininga)
- 08 Endurgreiðslur og tilfærslur
  - 081 Endurgreiðslur annarra sveitarfélaga
  - 082 Endurgreiðslur og tilfærslur ríkissjóðs
  - 089 Aðrar endurgreiðslur
- 09 Aðrar tekjur

1 Laun og launatengd gjöld

Á tegundagreininguna færast öll laun, launatengd gjöld, launaígildi og annar starfsmannatengdur kostnaður. Lágmarkskrafa um greiningu á undirtegundir í fjárhagsbókhaldi er eftirfarandi:

- 11 Laun
- 15 Áfallinn launakostnaður
- 17 Launaígildi
- 18 Launatengd gjöld
- 19 Annar starfsmannatengdur kostnaður

2 Vörukaup

Á tegundagreininguna færast öll vörukaup sveitarfélagsins og gerð er krafa til eftirfarandi lágmarksgreiningar á undirtegundir:

- 20 Skrifstofuvörur
- 21 Matvörur
- 25 Orka
- 28 Smáverkfæri, áhöld og tæki
- 29 Önnur vörukaup

4 Þjónustukaup

Á tegundagreininguna færast öll þjónustukaup sveitarfélagsins og gerð er krafa til eftirfarandi lágmarksgreiningar á undirtegundir:

- 40 Fjarskipti
- 41 Akstur
- 42 Fargjöld og ferðakostnaður
- 43 Aðkeypt þjónusta
- 44 Leigugreiðslur
  - 441 Leiga húsnæðis
  - 442 Niðurgreidd leiga til starfsmanna sveitarfélags
  - 449 Aðrar leigugreiðslur
- 47 Vátryggingar
- 49 Önnur þjónustukaup

5 Skattar og önnur opinber gjöld

Á tegundagreininguna færast allar skattgreiðslur og greiðslur á opinberum gjöldum, sem sveitarfélaginu ber að greiða, nema launatengdir skattar og gjöld. Lágmarkskrafa um greiningu á undirtegundir er eftirfarandi:

51 Fasteignaskattur
53 Fjármagnstekjuskattur
58 Skattar af bifreiðum og vélum
59 Aðrir skattar og opinber gjöld

7 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Á tegundagreininguna færast fjármunatekjur og fjármagnsgjöld sveitarfélagsins. Lágmarkskrafa um greiningu á undirtegundir er eftirfarandi:

70 Fjármuna- og verðbótatekjur
71 Fjármagns- og verðbótagjöld
72 Gengismunur
79 Aðrir fjármagnsliðir

8 Afskriftir

Á tegundagreininguna færast afskriftir.

86 Afskriftir

9 Styrkir og framlög

Á tegundagreininguna færast styrkir, framlög og hlutdeild í sameiginlegum kostnaði. Lágmarkskrafa um greiningu á undirtegundir er eftirfarandi:

91 Styrkir og framlög vegna félagsmála
95 Framlög til rekstrareininga utan aðalsjóðs
96 Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði hjá öðrum aðila
961 Greiðslur til annarra sveitarfélaga og byggðasamlaga
962 Greiðslur til ríkissjóðs
969 Aðrar greiðslur
97 Lögbundin framlög
99 Aðrir styrkir og framlög

II. KAFLI
Sérstök flokkun og greining í launabókhaldi sveitarfélaga.

4. gr.
Sundurliðun launaupplýsinga.

Auk þeirrar sundurliðunar í laun og launatengd gjöld, sbr. 3. gr., skulu sveitarfélög haga launabókhaldi sínu þannig að það geti gefið upplýsingar um launagreiðslur einstakra rekstrareininga sveitarfélaga með eftirfarandi hætti:

1. Grunnskólar

Skipt niður á:

a. Skólastjóra/aðstoðarskólastjóra
b. Kennara/leiðbeinendur
c. Aðra starfsmenn

Heildarlaun
Þar af: Dagvinnulaun
Þar af: Yfirvinnulaun
Þar af: Sérkennslulaun
Þar af: Laun fyrir foreldrasamstarf
Þar af: Laun fyrir þróunarstarf

2. *Leikskólar*
Skipt niður á:
a. Leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra
b. Leikskólakennara
c. Aðra starfsmenn
Heildarlaun
Þar af: Dagvinnulaun
Þar af: Yfirvinnulaun
Þar af: Sérkennslulaun
Þar af: Laun fyrir foreldrasamstarf
Þar af: Laun fyrir þróunarstarf

3. *Tónlistarskólar*
Skipt niður á:
a. Tónlistarskólastjóra
b. Tónlistarkennara
c. Aðra starfsmenn
Heildarlaun
Þar af: Dagvinnulaun
Þar af: Yfirvinnulaun
Þar af: Laun fyrir þróunarstarf

5. gr.
Gildistaka.

Auglýsing þessi, sem sett er á grundvelli 18. gr. reglugerðar nr. 944/2000, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 31. maí 2001.

Páll Pétursson.

Garðar Jónsson.

5. júní 2001 Nr. 415

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 496, 7. júlí 2000, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2000/2001.

1. gr.
3. töluliður 3. gr. orðist svo: Humar..... 1.400 lestir.

2. gr.
Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. júní 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.